



Ölgerðin Egill Skallagríms hf.

Samfélagsuppgjör

(UFS)

**2019**

Ölgerðin Egill Skallagríms hf.

Grjótháls 7-1

kt. 420369-7789

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun forstjóra	3
Áritun vottunaraðila	4
Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs	5
Árið 2019 í hnottskurn	7
Helstu verkefni 2020	7
Samfélagsuppgjör	8
Umhverfisþættir	8
Félagslegir þættir	13
Stjórnarhættir	16
Skýringar	18
Athugasemdir	19

## Skýrsla og áritun forstjóra

Á 100 ára afmæli Ölgerðarinnar árið 2013 fór Ölgerðin markvisst að vinna að samfélagsábyrgð og birti fyrstu skýrslu þess efnis það ár. Síðan þá höfum við árlega birt stöðu og markmið okkar fyrir samfélagsábyrgð inni á heimasíðu okkar. Í ár gefum við út ESG-skýrslu í fyrsta sinn sem er í samræmi við *ESG leiðbeiningar Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2 frá maí 2019*. ESG-skýrslunni er skipt upp í þrjá megingkafla; umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir. Að okkar mati sýnir skýrslan rétta og sanngjarna mynd af þessum þáttum fyrir samstæðuna og hvernig við hyggjumst ná árangri á næstu árum.

Ölgerðin setti sér stefnu um samfélagsábyrgð árið 2013 og hefur markvisst verið að vinna eftir henni síðan. Stefnan byggir m.a. á 10 meginreglum UNGC-sáttmálans en árlega skilar Ölgerðin inn framgangsskýrslu til Global Compact, auk þess tekur Ölgerðin virkan þátt í að setja sér verkefni sem styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG). Skýrslan endurspeglar þessa stefnu.

Árið 2015 setti Ölgerðin fram yfirlýsingu, ásamt 103 öðrum fyrirtækjum, um að minnka kolefnissporið sitt um 40% til ársins 2030. Það er okkur því mikið gleðiefni að segja frá því að við höfum náð markmiðinu og gott betur en kolefnislosun reksturs hefur minnkað um 54% frá árinu 2016. Markvissar aðgerðir hafa skilað þessum árangri en Ölgerðin vinnur í því að rafmagnsvæða bílaflota fyrirtækisins og endurnýjanleg orka hefur verið sett í forgang umfram aðra óumhverfisvæna, sem dæmi. Á meðan við náum niður grunnlosun fyrirtækisins höfum við kolefnisjafnað allan okkar rekstur í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð. Við höldum áfram að vinna í því að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og setjum okkur ný og metnaðarfull markmið á hverju ári.

Við hjá Ölgerðinni vinnum eftir mannauðsstefnu með það að markmiði að stuðla að starfsánægju starfsfólks. Okkar framtíðarsýn um að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda felst í mannauði fyrirtækisins. Mannauðsstefnan miðar að því að allar ákvarðanir sem teknar eru, og snúa að sambandi Ölgerðarinnar og starfsfólks þess, skapi forsendur til að framtíðarsýn fyrirtækisins verði að veruleika. Sem dæmi höfum við síðan 2013 unnið eftir jafnlaunastefnu og erum jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum. Við erum með virkt vinnuverndarstarf í gangi með það að markmiði að huga að öryggi, heilsu og aðbúnaði starfsmanna. Við vinnum að stöðugum umbótum á öllum sviðum og leggjum áherslu á fræðslu og starfsþróun. Við erum framsækið fyrirtæki þar sem starfsfólk okkar er grunnurinn að vel reknu fyrirtæki.

Við finnum fyrir auknum kröfum um upplýsingagjöf til okkar viðskiptavina og viðhorf hafa breyst á síðustu árum. Eitt af því sem neytendur eru að velta fyrir sér er hvernig þeir geti valið sem umhverfisvænsta kostinn. Við fengum því EFLU til að gera vistferilsgreiningu á umbúðum okkar sem við höfum birt á heimasíðu Ölgerðarinnar. Þar kemur í ljós að plastið og álið hafa svipað stórt kolefnisspor og plastið mun hafa það minnsta þegar það verður í 50% endurunnum umbúðum árið 2020. Einnig kemur í ljós að umhverfislegur ávinnungur er í því að framleiða drykkjarvörur hér heima samanborið við að flytja þær tilbúnar inn. En þetta er eitt af þeim atriðum sem mun styðja við samkeppnisforskot og framtíðarsýn okkar um að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda.

Það eru spennandi tímar framundan en neysluvenjur og viðhorf eru stöðugt að breytast. Við hlökkum til að takast á við þær áskoranir sem það hefur í för með sér og gera betur frá degi til dags og ávallt í sátt við okkar viðskiptavini og umhverfið.

26. maí 2020

Andri Þór Guðmundsson, Forstjóri, Ölgerðin



## Áritun vottunaraðila

Vottunaraðili: Jón Águst Þorsteinsson

Vinnsluaðili: Sigrún Hildur Jónsdóttir

Gagnasérfræðingur: Höskuldur Arason

Við höfum aðstoðað við gerð samfélagsuppgörs Ölgerðarinnar Egils Skallagríms hf. og Danól, dótturfélags bess, fyrir árið 2019. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfisstjórnunarkerfi félagsins hefur safnað saman yfir árið, ásamt þeim gögnum sem færð hafa verið inn sérstaklega um samfélagsþætti og stjórnarhætti. Samfélagsuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfislega- og félagslega þætti, og stjórnarhætti félagsins (UFS).

Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda, sem birt er fyrir allar fyrrnefndar eignir, er reiknuð í tCO<sub>2</sub>í og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Ölgerðarinnar Egils Skallagríms hf., Danól og birgja þeirra sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund. Gögn tengd félagslegum þáttum og stjórnarháttum voru ekki yfirfarin af Klöppum.

Reykjavík, 26. maí 2020,



Dr. Jón Águst Þorsteinsson

Forstjóri Klappa grænna lausna hf.

## Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson** er stærsta drykkjarvörfyrirtæki landsins. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifar og selur drykkjarvörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vílsru. Aðeins vörur sem eiga þess kost að vera fremstar í sínum flokki eru settar á markað og hverjum birgja sinnt sem hann væri sí eini. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrir en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, neytendur, starfsfólk og eigendur.

### Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunaruppgjörs Ölgerðarinnar hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu en samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Ölgerðin á 100% hlut í **Danól**. Danól er sjáfstætt sölu- og markaðsfyrirtæki sem selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vílsru. Aðeins vörur sem Danól telur eiga þess kost að vera með þeim fremstu í sínum flokki eru settar á markað.

Ölgerðin á 100% hlut í **G7-11 fasteignafélag ehf**, fasteignafélagi fyrirtækisins.

Ölgerðin á 21% hlut í **Iceland Spring ehf**. Fyrirtækið sér um að tappa vatni á flöskur fyrir Bandaríkjamarkað. Það varð til er sameinuð voru Catco Vatn, Pure Distribution og Iceland Spring undir merkjum þess síðastnefnda. Þetta var gert til að einfalda markaðssókn þessa vörumerkis.

Þar sem Ölgerðin hefur ekki yfirráð yfir Iceland Spring fellur það dótturfélag utan skipulagsmarka þessa uppgjörs.

Árið 2019 varð breyting á fyrirkomulagi reksturs hjá Ölgerðinni og var endurskipulagning á uppsetningu fyrirtækisins. Hluti af innflutnum vörum Ölgerðarinnar var fluttur yfir til Danól á árinu. Því minnkar kolefnislosun innfluttra vara hjá Ölgerðinni og stækkar hjá Danól á milli ára vegna tilflutnings.

### Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Þær rekstrareiningar sem falla undir uppgjör Ölgerðarinnar eru:

- Höfuðstöðvar Ölgerðarinnar
- Höfuðstöðvar Danól
- Skrifstofur í rekstri Ölgerðarinnar og Danól
- Lager
- Geymslur
- Framleiðslustöðvar Ölgerðarinnar
- Dreifing Ölgerðarinnar og Danól
- Bifreiðar í eigu og/eða rekstri Ölgerðarinnar og Danól

Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgöri Ölgerðarinnar eru:

- Úrgangur
- Millilandaflug Ölgerðarinnar
- Innflutningur og landflutningar Ölgerðarinnar og Danól

Þættir sem standa utan uppgjörs:

- Heitavatnsnotkun Danól fyrri hluta árs 2019
- Kaldavatnsnotkun Danóls fyrri part árs 2019

**Viðmiðunarár** sameiginlegs uppgjörs Ölgerðarinnar og Danól er árið 2016.

## Árið 2019 í hnotskurn

Við stóðum okkur vel árið 2019. Kolefnissporið minnkaði um 29% milli ára (án vörutlutninga) og við náðum markmiðinu sem við settum okkur til ársins 2030, um 40% minnkun kolefnisspors og gott betur en minnkunin hefur verið 54% frá árinu 2016. Við fórum í nokkur stór umhverfisverkefni á síðasta ári. Við settum okkur markmið um að „vistvænn“ væri fyrsti valkostur í endurnýjun fólksbíla. Við settum upp tíu rafhleðslustæði og allir áfyllingarbílar Ölgerðarinnar voru rafvæddir. Við kolefnisjöfnuðum allan rekstur Ölgerðarinnar í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð. Við höfum sett í forgang endurnýjanlega orku umfram óumhverfisvæna og höfum markvisst verið að vinna að umhverfismálum í innri starfseminni. Á síðasta ári vorum við með svokallað umhverfisdagatal þar sem við settum okkur mánaðarleg umhverfismarkmið og virkjuðum starfsmenn okkar með í að ná þeim.

Við finnum fyrir meiri kröfum um umhverfisleg áhrif okkar vara frá neytendum og fengum EFLU til að gera vistferilsgreiningu á umbúðunum okkar. 50% endurunnar plastflöskur hafa minnsta vistsporið og glerflöskur mesta. Einnig kemur þar fram umhverfislegur ávinningur þess að vera með íslenska framleiðslu en innflutt framleiðsluvara mengar allt að 600% meira. Vistferilsgreininguna má finna á heimasíðu Ölgerðarinnar.

## Helstu verkefni 2020

Ölgerðin hefur verið að vinna í því að gera umbúðir drykkjarvara umhverfisvænni. Við höfum markvisst verið að léttu plastumbúðir og allar plastflöskur verða úr 50% endurunnu plasti á árinu 2020. Við munum léttu 0,51 plastflöskur úr 24 g í 22,5 g og 2 l plastflöskur úr 50 g í 48 g árið 2020. Við munum halda áfram að vinna að markmiði okkar um að vistvænn sé fyrsti valkostur í endurnýjun fólksbíla og bjóða okkar starfsfólk að velja rafmagnsbíla til að sinna vinnutengdum erindum. Við munum taka þátt í „Hreinn, tveir og þrír“ sem Íslandsstofa stendur fyrir en með því að skrifa undir það skuldbindum við okkur að frá og með 1. janúar 2023 verði nýskráðir fólksbílar einungis knúnir með umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni, metani eða metanolí, þ.m.t. tengiltvinnbíla. Við tökum einnig þátt í þjóðþrifi en starfsemin verður tekin út af umhverfisverkfræðingi og allt plast sem fellur til í rekstri Ölgerðarinnar fer í endurvinnslu til Pure North Recycling og verður þannig tryggt að plast frá okkar starfsemi verði aftur plast. Við munum einnig halda áfram með 12 mánaða umhverfisdagatalið okkar en nú með áherslu á flokkun og minnkun úrgangs og munum virkja starfsfólk okkar með í að ná mánaðarlegum umhverfismarkmiðum.

Við munum halda áfram að vinna með virkt vinnuverndarstarf í okkar starfsemi og setja okkur vinnuverndarstefnu til að gera hana markvissari. Við munum koma upp rafrænni fræðslu í fyrirtækinu til að styðja við starfsþróun. Fræðslustarf hjá okkur hefur verið metnaðarfullt og við leggjum upp með að hafa fjölbreytni í kennsluaðferðum. Ölgerðin hefur frá árinu 2013 unnið eftir jafnlaunastefnu og erum jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum og höldum áfram að vinna að jafnrétti á vinnustaðnum og gera sífellt betur. Á næsta ári munum við m.a. skoða sérstaklega jafnréttismál út frá menningu og umhverfi fyrirtækisins.

Rekstrarbreytur*	Einingar	2016	2017	2018	2019
Heildartekjur	ma. ISK	17.300.900	16.728.829	17.716.955	18.510.193
Eigið fé**	ma. ISK	2.785.129	4.458.753	4.853.469	5.407.731
Fjöldi stöðugilda***	starfsgildi	388	412	394	373
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	21.454	21.454	21.454	21.454
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>3</sup>	161.635	161.635	161.635	161.635

\* Heildartekjur og Eigið fé er fjárhagsárið mars til febrúar, Fjöldi stöðugilda er almanaksárið

\*\* Síðasti dagur fjárhagsárs

\*\*\* Fjöldi stöðugilda er meðaltal yfir árið

## Samfélagsuppgjör

Samfélagsuppgjörinu er skipt upp í þrjá þætti; umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS).

### Umhverfisþættir

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2016	2017	2018	2019
Umfang 1	tCO2f	2.707,4	2.580,7	1.620,2	1.095,7
Umfang 2 (landsnetið)	tCO2f	154	190,7	205,4	203,3
Umfang 3 (án vöruflutninga til landsins)	tCO2f	90,1	133,2	154,3	210,3
Umfang 3 (með vöruflutningum til landsins)	tCO2f	90,1	150,6	2.897,2	3.565,1
Kolefnisspor án mótvægisadgerða	tCO2f	2.951,6	2.922	4.722,8	4.864
Samtals mótvægisadgerðir	tCO2f	-	-	-	1.390
Kolefnisspor með mótvægisadgerðum	tCO2f	2.951,6	2.922	4.722,8	3.474

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Árið 2018 bætast flugferðir og vöruflutningar inn í umfangið. Frá árinu 2016 til 2019 hefur kolefnislosun Ölgerðarinnar minnkað um 54% án vöruflutninga. Allur rekstur Ölgerðarinnar hefur verið kolefnisjafnaður.

<b>Losunarkræfni</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> í/MWst	113,62	113,7	194,59	176,1
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> í/stöðugildi	7,61	7,09	12	13
Losunarkræfni veltu	kgCO <sub>2</sub> í/ma.ISK	0,171	0,175	0,267	0,263
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO <sub>2</sub> í/ma.ISK	1,06	0,66	0,97	0,90
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> í/m <sup>2</sup>	137,6	136,2	220,14	226,72
Losunarkræfni á hvern rúmmetra	kgCO <sub>2</sub> í/m <sup>3</sup>	18,26	18,08	29,22	30,09

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

<b>Orkunotkun</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Samtals orkunotkun	kWst	25.977.498,4	25.699.191,7	24.270.046,4	24.388.935,6
Þar af orka frá lífeldsneyti	kWst	38.532,8	31.109,5	5.696,3	3.455,8
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	10.489.943,7	10.001.869,2	6.226.893,1	4.233.903,8
Þar af orka frá rafmagni	kWst	8.649.150	9.531.486	11.917.276	13.593.885
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	6.799.872	6.134.727	6.120.181	6.557.691

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Jarðefnaeldsneyti sem var notað á gufukatla í framleiðslu hjá okkur hefur dregist mikið saman og í staðinn hefur rafmagn sem umhverfisvænni orkugjafi verið sett í forgang.

<b>Orkukræfni</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	66.952,3	62.376,7	61.599,1	65.385,9
Orkukræfni veltu	kWst/ma.ISK	1,50	1,54	1,37	1,32
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	1.210,8	1.197,9	1.131,3	1.136,8
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m <sup>3</sup>	160,7	159	150,2	150,9

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Einingar	2016	2017	2018	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	40,4%	38,9%	25,7%	17,4%
Kjarnorka	%	-	-	-	-
Endurnýjanleg orka	%	59,6%	61,1%	74,3%	82,6%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Umhverfisvænni orkugjafar hafa markvisst verið settir í forgang fram yfir óumhverfisvæna.

Vatnsnotkun	Einingar	2016	2017	2018	2019
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	404.486,1	367.278,7	352.356,2	324.871,8
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	287.247	261.507,5	246.835,8	211.808,1
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	117.239,2	105.771,2	105.520,4	113.063,6

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2016	2017	2018	2019
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?*	já/nei	Já	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Já

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

\* Ölgerðin á hlut í endurvinnslunni sem hefur þá stefnu að ná og viðhalda góðu skilahlutfalli drykkjarumbúða í samfélagini, í umhverfisstefnu Ölgerðarinnar er stefna um úrgang- og endurvinnslu. Haldið er utan um mælanlegan árangur og verkefni í úrgangs- og endurvinnslumálum annars staðar en í stefnunni.

Loftslagsyfirsýn/stjórn	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A)

Loftslagsyfirsýn/stjórnendur	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure B)

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2016	2017	2018	2019
Samtals úrgangur	kg	1.119.621	1.438.928	1.614.221	1.676.626
Þar af flokkaður úrgangur	kg	833.907	999.58	1.153.025	1.372.173
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	242.414	399.328	287.184	304.453
Endurunnið/endurheimt	kg	537	601.05	959.484	1.346.697
Urðun/förgun	kg	-	-	254.636	329.929
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	74,5%	69,5%	71,4%	81,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	48%	41,8%	59,4%	80,3%

Úrgangur hefur aukist hjá Ölgerðinni en markvisst verður farið í verkefni til að draga úr honum á næstu árum. Flokkaður úrgangur hefur aukist á milli ára en verkefni til að auka flokkun hafa verið í gangi í starfseminni.

Úrgangskræfni	Einingar	2016	2017	2018	2019
Úrgangskræfni starfsmanna	tonn/stöðugildi	-	3,5	4,1	4,5

Viðskiptaferðir*	Einingar	2016	2017	2018	2019
Losun vegna viðskiptaferða	tCO2í	0	0	47,1	56,1
Flug	tCO2í	0	0	47,1	56,1

\*2018 eingöngu Ölgerðin, 2019 Ölgerðin og Danól

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Einingar	2016	2017	2018	2019
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Já	Já	Já	Já

Flutningur á vörum og þjónustu	Einingar	2016	2017	2018	2019
Heildarlosun vegna flutninga á vörum og þjónustu	tCO2í	-	17,4	2.741,9	3.354,8
Losun vegna sjóflutninga	tCO2í	-	17,4	2.499,38	2.710,6
Losun vegna flutninga á vegum	tCO2í	-	-	252,58	644,2

<b>Helstu orkugjafar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	1.012.401	964.352	601.283	415.940
Metan	lítrar	3.699	2.986	47	-
Bensín	lítrar	32.911	28.349	17.629	28.211
Dísilolía	lítrar	307.920	293.832	240.333	267.247
MGO	lítrar	667.871	639.185	343.274	120.482
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	860.219	817.762	516.319	353.225
Metan	kg	2.774	2.240	35	-
Bensín	kg	24.683	21.262	13.222	21.158
Dísilolía	kg	261.732	249.757	204.283	227.161
MGO	kg	571.030	546.503	298.648	104.819
Vetni*	kg	-	-	131	87

\*Vetnishleðslustöð var lokað mitt árið 2019.

<b>Meðhöndlun pappírs</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	556.901	543.559	508.143	338.707
Tvhliða	blaðsíður	-	-	182.124	114.936

Pappír hefur dregist saman í starfseminni milli ára en Ölgerðin hefur pappírlaus viðskipti að leiðarljósi. Markvisst hefur verið unnið að því að koma viðskiptavinum í pappírlaus viðskipti og starfsmannamöppum í rafrænt form, sem hefur skilað þessum árangri.

<b>Mótvægisaðgerðir</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Mótvægisaðgerðir með skógrækt	tCO2f	0	0	0	695
Mótvægisaðgerðir með endurheimt votlendis	tCO2f	0	0	0	695
Samtals mótvægisaðgerðir	tCO2f	-	-	-	1.390

Ölgerðin kolefnisjafnaði allan sinn rekstur í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð fyrir árið 2019.

Kolefnisgjöld	Einingar	2016	2017	2018	2019
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/lítra	6	6,3	9,45	10,4
Kolefnisgjald, bensín	ISK/lítra	5,25	5,5	8,25	9,1
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	7,4	7,75	11,65	12,8
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	6,6	6,9	10,35	11,4
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	2.020.303	2.007.061	2.416.586	3.036.089

## Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Einingar	2016	2017	2018	2019
Laun og bónumsgreiðslur forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi*	X:1	-	9.6	8.3	9.0
Eru upplýsingar um fyrrgreint hlutfall lagðar fram í skýrslugjöf til stjórnvalda?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
<b>S1 UNGC: P6 GRI 102-38</b>					

\*Miðgildi launa starfsmanna er dagvinna, yfirvinna og álag auk bónumsgreiðslna

Launamunur kynja	Einingar	2016	2017	2018	2019
Miðgildi heildarauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarauna kvenna*	X:1	-	0.9	0.9	0.8
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	0.6	1.7	1.3

## S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

\* Punktstaða hjá Ölgerðinni ágúst 2017, desember 2018 og 2019, jafnlaunavottun fyrir Danól verður á næsta ári

Starfsmannavelta	Einingar	2016	2017	2018	2019
<i>Starfsmenn í fullu starfi</i>					
Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi ár frá ári	%	-	21.6	19.6	22.2
Frávísun	%	-	6.2	6.3	8.9
Starfsskipti	%	-	15.3	13.0	13.0
Starfslok	%	-	0.0	0.2	0.2
Fráfall	%	-	0.0	0.0	0.0
<i>Kyn</i>					
Konur	%	-	27.0	27.3	30.3

Karlar	%	-	73.0	72.7	69.7
<i>Aldur</i>					
20-29	%	-	47.9	50.0	42.5
30-39	%	-	21.4	36.8	32.1
40-49	%	-	16.6	6.1	15.9
50-59	%	-	10.0	4.1	6.6
60-69	%	-	4.1	3.0	2.9

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Kynjahlutföll Ölgerðin	Einingar	2016	2017	2018	2019
<i>Starfsmannafjöldi*</i>		515	506	492	
Konur	fjöldi	141	148	157	
Karlar	fjöldi	374	358	335	
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	27	29	32	
<i>Framkvæmdastjórn**</i>					
Karlar	fjöldi	6	6	7	
Konur	fjöldi	2	2	1	
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	%	25	25	13	
<i>Stjórnendur með mannaforráð***</i>					
Konur	fjöldi	8	8	8	
Karlar	fjöldi	19	18	20	
Hlutfall kvenna í stöðu stjórnanda með mannaforráð	%	30	31	29	

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity &amp; Inclusion

\* Meðaltal heildarfjölda starfsmanna (HC)

\*\* Punktstaða desember, stjórnarformaður ekki talinn með hér

\*\*\* Framkvæmdastjórn ekki talin með hér

Hlutfall tímabundinna starfskrafa	Einingar	2016	2017	2018	2019
Stöðugildi*	fj.	-	401	382	332
Heildarfjöldi hlutastarfsmanna sem starfa innan fyrirtækisins**	fj.	-	489	469	412

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

\* Fjöldi stöðugilda er meðaltal yfir árið

\*\* Meðaltal heildarfjölda starfsmanna (HC)

Jafnræði	Einingar	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun á grundvelli kynferðis?	já/nei	-	Nei	Já	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion					

Tíðni vinnuslysa	Einingar	2016	2017	2018	2019
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	-	1.5	3.0	3.5
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety					

Heilsa og öryggi	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?*	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	0.9	0.8	0.7
S8 GRI: 103-2  SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety					

\*Innan Ölgerðarinnar er virkt vinnuverndarstarfsemi en ekki hefur verið gerð heildrænn vinnuverndarstefna.

Barna- og nauðungarvinna*	Einingar	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Ef svarið er já, nær stefnan til starfsemi birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	-	-
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices					

\*Ölgerðin fylgir landslögum og hefur gert grein fyrir þessum málefnum í framgangsskýrslu sinni til UNGC frá árinu 2013.

Mannréttindi*	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	-	-
S10 GRI: 103-2  UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16  SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations					

\*Ölgerðin fylgir landslögum og hefur gert grein fyrir þessum málefnum í framgangsskýrslu sinni til UNGC frá árinu 2013.

## Stjórnarhættir

Fjölbreytni stjórnar	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	-	40%	40%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	-	100%	100%	100%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion					

Sjálfstæði stjórnar	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið lagt bann við að forstjóri gegni starfi stjórnarformanns?	já/nei	-	Já	Já	Já
Óháðir stjórnarmenn*	%	-	20	20	20
G2 GRI: 102-23, 102-22					

\* Þeir sem eru óháðir Ölgerðinni og stórum hluthöfum félagsins

Launahvatar	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hljóta stjórnendur formlegan hvata til að ná árangri á svíði sjálfbærni?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35					

Kjarasamningar	Einingar	2016	2017	2018	2019
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	X:1	-	100	100	100
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices					

Siðareglur birgja	Einingar	2016	2017	2018	2019
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-	-
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management					

<b>Siðferði og spilling</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	-	Já	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	-
<b>G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2</b>					

<b>Persónuvernd</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	-	Nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið hafist handa við að framfylgja lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga?	já/nei	-	Já	Já	Já
<b>G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security</b>					

<b>ESG-skýrslugjöf</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu?	já/nei	-	Já	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-	Nei	Nei	Já
<b>G8 UNGC: P8</b>					

<b>Aðferðir við upplýsingagjöf</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila?	já/nei	-	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið einblínt á einhver tiltekin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs)?	já/nei	-	Nei	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	-	Nei	Nei	Já
<b>G9 UNGC: P8</b>					

<b>Endurskoðun/vottun þriðja aðila</b>	<b>Einingar</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	-	Nei	Nei	Já
<b>G10 UNGC: P8 GRI: 102-56</b>					

## Skýringar

### 1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfelli Ölgerðarinnar afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum vegna eldsneytisnotkunar og losun frá olíukatli sem notaður er við drykkjaframleiðslu.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinna losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Ölgerðarinnar og Danól. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna flugferða á vegum Icelandair, losun vegna úrgangshirðu frá starfsstöðvum fyrirtækisins og losun vegna aðkeypts vöruflutnings á sjó og landi.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO<sub>2</sub> í gildum (tCO<sub>2</sub>f). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnathlýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað. Til að mynda jafngildir metan (CH<sub>4</sub>) 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N<sub>2</sub>O) 298 koltvísýringsígildum.

### 2. Nettó-kolefnislosun

Nettó-kolefnislosun starfsemi sýnir nettólosun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

### 3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlöögðu; umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3 (viðskiptaferðir og úrgangur). Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub> í einingu (svo sem tCO<sub>2</sub> í móti heildartækjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

### 4. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kilowattstundum (kWst).

### 5. Orkukræfni (E4)

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

## Athugasemdir

Rafmagnsnotkun Danól seinni hluta 2019 er áætluð út frá upplýsingum frá leigusala fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir 9,2 kWst notkun á klst. og að rafmagn sé í fullum gangi í 15 klst. á sólarhring.

**Ölgerðarhrat 2016: 511.000 kg.**

**Ölgerðarhrat 2017: 601.000 kg.**

**Ölgerðarhrat 2018: 605.000 kg.**

**Ölgerðarhrat 2019: 620.000 kg.**

Ákveðnar gerðir úrgangs, þ.e. drykkjarföng sem fóru til eyðingar í Efnaeyðingu voru teknar út úr uppgjöri þessu. Ástæðan er sú að þetta er mælt í stykkjatali og það er engin leið að vita hversu þungur úrgangurinn er.

Pættir sem standa utan uppgjörs:

- Heitavatnsnotkun Danól fyrri hluta árs 2019
- Kaldavatnsnotkun Danól fyrri part árs 2019